

stóð fyrir til tryggingar. Með vísan til framanritaðs þykja þær fjárkröfur því, eins og á stóð, hafa verið hæfar til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda gagnstætt því, sem haldið er fram af hans hálfu.

Gegn mótmælum stefnda Ragnars hefur ekki verið upplýst í máli þessu, hvort né heldur hvaða fjárhæð bar á milli í fjármáalegum skiptum þeirra stefnanda. Í málaltilbúnaði stefndu er heldur engin grein gerð fyrir fjármála-legri stöðu í skiptum aðilja, eftir að lánið hjá Iðnrekstrarsjóði hafði verið greitt með skuldajöfnuði. Af þessu leiðir, að ekki er unnt að leysa efnislega úr þessum atriðum í máli þessu. Verður því að vísa málinu frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður. Hlöðver Kjartansson, aðalfulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 20. janúar 1984.

Nr. 8/1984. **Grímur Hannesson**

gegn

Guðmundi Rúnari Lúðvíkssyni

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. töluliðs 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 4. janúar 1984, sem barst Hæstarétti 16. janúar s. á. Við það verður að miða, að sóknaraðili hafi fengið vitneskju um dóminn 3. janúar 1984.

Sóknaraðili krefst þess, að frávísunardómurinn verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Við það þykir mega miða, að kaupsamningur sá, sem fram er lagður í máli þessu af hálfu sóknaraðilja, sé samrit af kaupsamningi þeim, sem málsaðiljar gerðu um húseignina Botnahlið 4 á Seyðisfirði, þó að nafnritun varnaraðilja vanti á samningseintak þetta.

Á það skortir að vísu, að skjöl málsins og greinargerð um skuldaskipti málsaðilja séu svo aðgengileg og skýr sem skyldi, en allt um það þykja kröfur sóknaraðilja dómhæfar, og ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 19. desember 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 18. nóv. 1983, en birtri 26. nóvember 1983, af Grími Hannessyni, nnr. 2757-7520, Botnahlið 4, Seyðisfirði, á hendur Guðmundi Rúnari Lúðvíkssyni, nnr. 3091-0982, Áshamri 59, Vestmannaeyjum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 32.277.- með 45% ársvöxtum frá 15. júní 1983 til 21. september 1983, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, með hæstu lögleyfðum innlánsvöxtum (dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979) frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

— — —

Við þingfestingu málsins 15. þ. m. var ekki sótt þing af hálfu stefnda, og var honum þó löglega stefnt, og var málið tekið til dóms í því sama þinghaldi að kröfu umboðsmanns stefnanda. Í samræmi við 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 verður málið nú dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum stefnanda.

Eins og að framan greinir, byggir stefnandi kröfur sínar í máli þessu á kaupsamningi, er hann kveðst hafa gert við stefnda um húseignina nr. 4 við Botnahlið í Seyðisfjarðarkaupstað, og meintum vanefndum stefnda á

þeim samningi. Á ljósriti af kaupsamningi, er stefnandi leggur fram í málinu til stuðnings kröfum sínum, kemur ekki fram, að stefndi hafi undirritað hann, og er þar einungis að finna undirritun kaupanda, stefnanda í máli þessu.

Þar sem málið er svo vanreifað, er að framan greinir, verður eigi dómur á það lagður, og ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi, enda þykja eftir atvikum að svo stöddu ekki vera nægilegar ástæður til að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Málskostnaður verður eigi dæmdur, sbr. 175. gr. in fine laga nr. 85/1936. Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er sjálfkrafa (ex officio) vísað frá dómi.
Málskostnaður dæmist ekki.

Föstudaginn 20. janúar 1984.

Nr. 183/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Gesti Eysteinsyni

(Ólafur Þorláksson hrl.)

Brot gegn 2. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða með stefnu 24. ágúst 1983. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 13. desember 1983.

Ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.